

Námsáætlun fyrir tölvur - 4.bekkur
skólaárið 2017 – 2018



Kennari: Sara Ross Bjarnadóttir
Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|-------------------------------------|--|---|---|
| Vinnulag og vinnubrögð | <ul style="list-style-type: none"> Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms. Gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði. Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag. Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum. Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn. | Nemendur fá kennslu í vélritun og notast er við alls konar vélritunaræfingar og forrit. Nemendur læra að umgangast búnað með umsjón kennara. Nemendur læra að nýta sér ýmis forrit til að leysa verkefni. | Verkefni Munnleg könnun Hópverkefni |
| Upplýsingaöflun og úrvinnsla | <ul style="list-style-type: none"> Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu. Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna. Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni. Nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum. | Nemendur læra að leita sér upplýsinga á netinu. Upplýsingasöfnun er notuð til að leysa ýmis verkefni. | Hópverkefni Verkefni |

| | | | |
|---|---|---|----------------------------|
| Tækni og búnaður | <ul style="list-style-type: none"> • Notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna. • Notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu. • Nýtt hugbúnað við einfalda vefsmíð. | Nemendur læra vélritun með hjálp vélritunarforrita. Farið verður í grunninn á Microsoft Word og Powerpoint. Nemendur læra einfalda myndvinnslu í Paint. | Verkefni |
| Sköpun og miðlun | <ul style="list-style-type: none"> • Lýst á einfaldan hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi. • Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt. | Nemendur nýta sér forrit til að vinna verkefni. | Munnleg könnun Verkefni |
| Siðferði og öryggismál | <ul style="list-style-type: none"> • Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga. • Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra. | Nemendur fræðast um ábyrga tölvunotkun. | Munnleg könnun |
| Námsgögn: Nemendur fá efni frá kennara. | | | |
| Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. | | | |